

21. desember 1988

1307

Nr. 527

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 305 14. júní 1988 um búmark og fullvirðisrétt til framleiðslu mjólkur verðlagsárið 1988–1989.

1. gr.

1. mgr. 18. gr. orðist svo:

Framleiðanda er óheimilt að ráðstafa fullvirðisrétti fyrir verðlagsárið 1988–1989 til annars framleiðanda eða lögbýlis eða leggja afurðir inn í afurðastöð á annars nafni. Þó eru heimil skipti framleiðenda á fullvirðisrétti í sauðfé og mjólk með samþykki viðkomandi búnaðarsambands. Þeir samningar um ráðstöfun fullvirðisréttar milli framleiðenda, sem samþykktir hafa verið af viðkomandi búnaðarsambandi fyrir gildistöku reglugerðar þessarar, skulu halda gildi sínu.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 21. desember 1988.

Steingrímur J. Sigfússon.

Jón Höskuldsson.

21. desember 1988

Nr. 528

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 440 15. september 1988 um fullvirðisrétt til framleiðslu sauðfjárafurða verðlagsárið 1989–1990.

1. gr.

1. mgr. 7. gr. orðist svo:

Framleiðanda er óheimilt að ráðstafa fullvirðisrétti jarðar og tilsvarandi búmarki til annars framleiðanda eða lögbýlis eða leggja afurðir inn í afurðastöð á annars nafni. Þó eru heimil skipti framleiðenda á fullvirðisrétti í sauðfé og mjólk með samþykki viðkomandi búnaðarsambands. Þeir samningar um ráðstöfun fullvirðisréttar milli framleiðenda, sem samþykktir hafa verið af viðkomandi búnaðarsambandi fyrir gildistöku reglugerðar þessarar, skulu halda gildi sínu.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 21. desember 1988.

Steingrímur J. Sigfússon.

Jón Höskuldsson.

Þ 92